

**Ed.**

**199. Breytingartillögur**

[106. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. í stað „8% — átta af hundraði“ komi: 12% — tólf af hundraði.
2. Eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Umfram þau framtöl til söluskatts, sem skattayfirvöldum þykir ástæða til að rannsaka, skal fara fram ýtarleg rannsókn á framtölum 5% allra söluskattsskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum söluskattsframtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, sem hún setur.

Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvaðeina, sem máli skiptir.